

Reykjavík 13.1.2022

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ

Varðandi þjónustu strætó (leiðar 57) á Kjalarnesi

Fyrir liggur að breyting verður á þjónustu leiðar 57 á Kjalarnesi vegna breytinga á Vesturlandsvegi við tvöföldun hans. Leið 57 hefur haft 3 stoppistöðvar í Grundarhverfi en eftir breytingu verður 1 stoppistöð við Esjuskálann.

Í ljósi þessa vill íbúaráð Kjalarness óska eftir að Vegagerðin taki til athugunar hvort hægt sé að koma til móts við íbúa Kjalarness með fleiri stoppum á Kjalarnesinu (sem myndi fela í sér að leið 57 myndi aka Esjuveginn (sveitaveginn) í stað Vesturlandsvegar).

Full þörf er á stoppistöðinni við Klébergsskóla og spurning hvort að hægt væri að bæta við stoppistöð við fyrirhugað ‚sleppistöði‘ sem staðsett verður nálægt undirgöngum við Klébergsskóla.

Í Saltvík og Vík eru stórir vinnustaðir. Æskilegt væri að stoppistöð væri við Saltvík enda gert ráð fyrir undirgöngum þar.

Síðan væri æskilegt að það yrði stoppistöð við Hvalfjarðarveg (nr 47), Kjalarnesið nær jú inn í Miðdal og langt fyrir þá sem búa á þessum hluta Kjalarnessins í næstu stoppistöð.

Í tengslum við þessar stoppistöðvar væri æskilegt að komið yrði upp aðstöðu til að geyma hjól, læstar grindur. Athuga mætti hvort að Reykjavíkurborg væri ekki til í að taka þátt í þeim hluta.

Í því samfélagi sem við búum í dag er aukin krafa um að fólk nýti sér almenningssamgöngur og til að það geti raungerst þá þarf þjónustan að vera til staðar. Ef hægt væri að koma til móts við þessar óskir þá myndi það stórauka möguleika Kjalnesinga á að nota almenningssamgöngur.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd íbúaráðs Kjalarness,

Sigrún Jóhannsdóttir formaður íbúaráðs Kjalarness

Guðni Ársæll Indriðason varaformaður íbúaráðs Kjalarness

